



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

SIKJALAVELN
HÖFÐATORGI

01. APR. 2020

Reykjavík 30.03.2020

Málsnr 2020010108

Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Brélatýkili 25.13

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 27. mars 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Álfsnes


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um það hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðrar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir framlengingu starfsleyfis að hámarki eitt ár. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa


Purður Guðmundsdóttir
Purður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2020.



Álfnes, skotsvæði – beiðni um umsögn vegna endurnýjunar á starfsleyfi (SN200164)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020, var lögð fram beiðni Heilbrigðisfulltrúa Reykjavíkur, dags. 11. mars 2020. Heilbrigðisfulltrúa hefur borist umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins sem felur í sér fyrirsögn um það hvort starfsemi félagsins samræmis skipulagi og hvort fyrirhugað sé breyting á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir framlangingu starfsleyfis að hámarki eitt ár. Fyrirsögn vísar til verkefnastjóra.



Hluti af gildandi aðalskipulagi

Skipulag í gildi

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipulaginu er Sóleyjargata 25 á svæði skilgreint sem I2/H6/E5 Álfnes.

Svæði I2/H6/E5 er skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Stærð svæðisins er um 20 ha. Á svæðinu er gert ráð fyrir lóðum undir hafnsækna athafna- og iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og af er mengunarfætta. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingu og varðargörðum.

Deiliskipulag

Ekki er í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn.

Umsögn

Í erindi heilbrigðisfulltrúa er óskað eftir umsögn skipulagsfulltrúa við umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins. Beiðnin felur í sér fyrirsögn um það hvort starfsemi félagsins samræmis skipulagi og hvort fyrirhugað sé breyting á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir framlangingu starfsleyfis að hámarki eitt ár. Eins og fram kemur hér að ofan þá er svæðið skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur með aðstöðu fyrir hafnsækna starfsemi. Æskilegt væri að hafin yrði vinna við að finna



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Skotveiðifélaginu nýjan stað fyrir æfingasvæði sitt í ljósi þeirra kvartana sem borist hafa frá íbúum í nágrenni svæðisins. Tilvalið væri að nota næsta ár í þá vinnu.

Niðurstaða

Skipulagsfulltrúi telur ekkert því til fyrirstöðu skipulagslega að embætti heilbrigðisfulltrúa framlengi starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur um eitt ár.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Melsted
landslagsarkitekt / verkefnastjóri